

LEIÐBEININGAR

um utankjörfundaratkvæðagreiðslu á sjúkrahúsum og dvalarheimilum aldraðra.

Samkvæmt 63. gr. laga um kosningar til Alþingis er kjörstjóra við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar héraendis heimilt að láta kosningu fara fram á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra, enda sé kjósandi sjúklingur eða vistmaður á stofnuninni. Atkvæðagreiðsla í stofnunum þessum skal fara fram á þeim tíma sem kjörstjóri ákveður að höfðu samráði við stjórn viðkomandi stofnunar og samkvæmt nánari reglum sem dómsmálaráðuneytið setur.

Um það hverjar stofnanir teljast sjúkrahús vísast til IV. kafla laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 59 1. júní 1983, og um það hverjar stofnanir teljast dvalarheimili aldraðra vísast til IV. kafla laga um málefni aldraðra, nr. 91 31. desember 1982. Samkvæmt lögum þessum þarf leyfi heilbrigðismálaráðherra til að setja á stofn og reka sjúkrahús og dvalarstofnun fyrir aldraða.

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu á sjúkrahúsum og dvalarheimilum aldraðra eru þeir sömu og annast utankjörfundaratkvæðagreiðslu almennt, sbr. a- og b-lið 13. gr. kosningalaga.

Rétt til að greiða atkvæði utan kjörfundar á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra hafa eingöngu sjúklingar og vistmenn á viðkomandi stofnun. Aðrir, svo sem starfslíð stofnana þessara, hafa hins vegar ekki rétt til að greiða þar atkvæði. Um kosninguna eiga að öðru leyti við ákvæði 62. gr. kosningalaga. Samkvæmt því ákvæði hefur kjósandi heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar, ef hann gerir ráð fyrir því að hann geti ekki vegna fjarveru eða af öðrum ástæðum sótt kjörfund á kjördegi á þeim stað þar sem hann er á kjörskrá.

Kjörstjóri ákveður í samráði við stjórn viðkomandi stofnunar og að fengnum upplýsingum um sjúklinga og vistmenn á stofnuninni hvort ástæða sé til að láta atkvæðagreiðslu fara þar fram og þá hvenær. Slík atkvæðagreiðsla má ekki fara fram fyrr en þremur vikum fyrir kjördag. Ákvörðun um þetta efni skal tekin eigi síðar en sjö dögum fyrir kjördag og skal þá birta auglýsingu innan viðkomandi stofnunar um það hvar atkvæðagreiðslan fer fram og á hvaða tíma. Jafnframt skal tilkynna umboðsmönnum framboðslista um atkvæðagreiðsluna fyrirfram. Að jafnaði mundi nægilegt að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fari fram einn dag í hverri stofnun, í nokkrar klukkustundir, eftir fjölda þeirra sjúklinga og vistmanna sem rétt mundu eiga á að greiða atkvæði utan kjörfundar á stofnuninni.

Um kosningaathöfnina sjálfa, þ. á m. um heimild til að veita kjósanda aðstoð, gilda að öllu leyti sömu reglur og um utankjörfundaratkvæðagreiðslu almennt, sbr. einkum 65. og 66. gr. kosningalaga. Nauðsynlegt er að viðkomandi stofnun láti í té aðstöðu, þ. á m. hentugt húsnæði, svo og eftir atvikum aðstoðarfólk, til þess að atkvæðagreiðsla geti farið fram með fyrirskipuðum hætti. Rétt er að undirstrika að kjósanda ber að koma á fund kjörstjóra þar sem atkvæðagreiðslan fer fram og að atkvæðagreiðsla má eigi fara fram í sjúkrastofum eða herbergjum vistmanna.

Leiðbeiningar þessar sem settar eru samkvæmt 3. mgr. 63. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. lög nr. 2 5. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi leiðbeiningar um sama efni, nr. 252 12. maí 1980.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. mars 1987.

F.h.r.
Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.